

Föstudaginn 10. desember 1937.

Kærumálið nr. 3/1937. Chr. Fr. Nielsen

gegn

Hallgrími Benediktssyni.

Krafa um framlagningu og afhendingu skjala í dómsmáli.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. nóv. 1937:
Framangreind krafa stefnanda verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi til lögmannsins í Reykjavík, dags. 17. f. m., óskaði kærandi úrskurði, uppkveðnum 11. f. m., skotið til hæstaréttar samkvæmt XV. kafla laga nr. 85/1936. Komu skjöl málsins til hæstaréttar 27. f. m., og var málið, að fengnum frekari upplýsingum frá héraðsdómaranum, tekið til dóms 8. þ. m.

Með samningi 2. nóv. 1911 gerðu aðiljar félag með sér um verzlunarrekstur undir nafninu „Hallgrímur Benediktsson“. Ágreiningur reis milli þeirra út af félagsskapnum, og var nefndur gerðardómur samkvæmt 9. og 10. gr. samningsins til þess að skera úr þeim ágreiningi. Kvað meiri hluti gerðardómsins upp úrskurð sinn 24. júlí 1913 á þá leið, að stefndi, Hallgrímur Benediktsson, var úrskurðaður einn eigandi firmans, en greiða skyldi hann kæranda tiltekið kaup fyrir vinnu í þarfir firmans og hluta af sölulaunum af vörum frá tilteknum firmum. Með stefnu 25. júní þ. á. höfðaði kærandi mál á hendur stefnda og krafðist þess aðallega, að stefndi yrði dæmdur til þess, ásamt kæranda, að tillnefna menn í gerðardóm samkvæmt áðurnefndum félagssamningi, en til vara, að stefndi yrði dæmdur til að greiða honum kaupkröfu

og ýmsar skaðabótakröfur, er kærandi taldi sig eiga á hendur stefnda og kærandi taldi af félagssamningnum risnar.

Í flutningi máls þessa í héraði varð ágreiningur milli málsaðilja um skyldu stefnda til að afhenda kæranda og leggja fram í málinu ýms skjöl, er vörðuðu áður nefndan félagsskap. Í því sambandi urðu það lokakröfur kæranda í sókn dags. 3. nóv. þ. á., að stefndi yrði dæmdur til:

1. Að afhenda kæranda skjöl þau öll, sem tilheyra áður nefndum gerðardómi, ásamt gerðardómsbókinni, og

2. Að leggja fram allt það af bréfaskiptum áður nefnds firma frá tímabilinu 2. nóv. 1911 til ársloka 1913, er við kæmi máli þessu, svo sem pantanaafrit, verzlunarbækur og annað, er máli getur skipt. Af hálfu stefnds var kröfum þessum mótmælt. Voru þær síðan teknar til úrskurðar 4. nóv. síðastl. og hrundið með hinum kærða úrskurði, svo sem þar greinir.

Kærandi hefir ekki sagt það berum orðum í kærubeiðni sinni eða annarstaðar, hvaða kröfur hann gerði fyrir hæstarétti. En með því að úrskurðurinn gekk kæranda á móti og hann hefir kært hann samkvæmt XV. kafla laga nr. 85/1936, þykir ekki geta orkað tvímælis, að hann óski þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, og að framangreindar kröfur hans verði teknar til greina. Þykir því, þrátt fyrir þessa galla á málflutningi kæranda, hægt með tilvísun til 113. gr. nefndra laga að leggja dóm á sakar efnið að því leyti sem það verður samkvæmt eðli sínu dæmt í þessu máli. Og verður þá fyrir að athuga frammannefndar kröfur kæranda.

Um 1. Þessi krafa er byggð á því, að kærandi sé eigandi eða sameigandi með stefnda að þar greindum skjölum, og því sé stefnda skylt að afhenda kæranda þau. Þetta atriði, sem ekki varðar sönnunaratríði í áðurnefndu dómsmáli milli aðilja né önnur réttarfarsatriði þess máls, verður eigi dæmt í kærumáli þessu.

Um 2. Þessi krafa beinist að því, hvort stefnda beri að leggja fram í oftnefndu dómsmáli aðilja ýms skjöl, er stefndi hefir í vörzlum sínum og kunna að vera sönnunargagn um einhverjar staðreyndir þess. Skjöl þessi virðast vera mörg og margvísleg, og ef til vill ýmislegt í þeim, sem engu máli skiptir í þessu sambandi. Og er því ekki ólíklegt, að algerlega kunni að vera óþarft að leggja þau fram í heild sinni í oftnefndu dómsmáli. Kærandi hefir enga grein gert fyrir því, hvaða staðreyndir hann hyggist að upplýsa með þeim, enda þótt honum hefði átt að vera það hægt, og hefir að því leyti ekki fullnægt ákvæðum 147. gr. laga nr. 85/1936. Auk þess er allt óvíst um það, hvort stefnda væri skylt að leggja skjöl þessi í heild eða einhver þeirra fram með þeim hætti, sem kærandi virðist ætlast til, vegna ákvæða 149. gr. téðra laga. Loks hefir stefndi í þinghaldi 30. sept. þ. á. lýst sig fúsan „til að láta stefnanda í té afrit af öllum þeim skjölum, sem mál þetta varða og hann óskar eftir til framlagningar í máli þessu“ gegn hæfilegri þóknun fyrir afritin. En þessu boði tjáir kærandi sig ekki vilja taka. Enda þótt skylda megi aðilja einkamáls til þess að leggja fram skjal samkvæmt 2. málsg. 145. gr. laga nr. 85/1936, sbr. við 149. og 151 gr. sömu laga, þá þykir ekki fært að skylda stefnda í þessu máli til framlagningar þeirra skjala, er kær-

andi krefur hann til að leggja fram, af ástæðum þeim, sem að framan greinir. Þykir því verða að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Málkostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera órasakaður.

Málkostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu, sem stefnandi hefir höfðað gegn stefndum til þess *aðallega*, að stefndur verði dæmdur til að tilnefna ásamt stefnanda menn í gerðardóm skv. samningi frá 1911, og *til vara*, til að greiða sér vangoldin laun, svo og skaðabætur fyrir samningsrof, hefir stefnandi krafizt þess, að stefndur verði úrskurðaður til þess að afhenda sér bækur og skjöl tilheyrandi firma því, er stefnandi telur, að hann og stefndur hafi átt saman og þeir hafi starfað saman við til ársins 1913. Ennfremur krefst hann þess, að stefndur verði úrskurðaður til að afhenda sér gerðabók og önnur skjöl tilheyrandi gerðardómsmáli frá 1913 milli aðilja þessa máls. Telur stefnandi, að framangreind skjöl og skilriki hafi að innihalda ýmsar mikilsvarðandi upplýsingar í máli því, sem hér liggur fyrir, og sé sér því nauðsyn á að fá skjöl þessi afhent, enda eigi hann fullan rétt til þeirra.

Stefndur mótmælir því eindregið, að hann verði skyldaður til að afhenda stefnanda framangreind skjöl og bækur, enda eigi stefnandi engan rétt til þeirra, því að hvernig sem annars verði litið á skipti aðilja þessa máls, þá sé það upplýst, að hann (stefndur) hafi haft framangreind skjöl í sínum vörzlum í að minnsta kosti 24 ár, og séu þau því þar með orðin sín eign. Hinsvegar kveður stefndur stefnanda vera það frjálst að fá þau afrit af framangreindum skjölum, er hann telji hafa þýðingu fyrir sig, gegn venjulegu gjaldi, en stefndur hefir ekki viljað taka því boði.

Því er ómótmælt, að stefndur hefir haft framangreind skjöl í sínum vörzlum þann tíma, er hann hefir haldið fram, og verður því að telja, að hann hafi öðlzt eignarétt yfir þeim fyrir hefð, þar sem ekki verður annað séð, en að fullnægt hafi verið ákvæðum laga um hefðarhald og hefðartíma. Verður því framangreind krafa stefnds ekki tekin til greina á þeim grundvelli, að hann eigi eignarétt yfir áðurnefndum skjölum. — Og ekki verður heldur talið, að stefnandi eigi á annan hátt rétt til þess, að stefndur leggi fram umrædd skjöl, eða innihald þeirra sé slíkt, að honum beri skylda til þess skv. 145. gr. laga nr. 85/1936, auk þess sem stefnandi hefir ekkert látið upp um það, hvaða málsatvik eigi að upplýsa með skjölunum, eins og honum ber að gera skv. 147. gr. sömu laga, enda er í téðum lögum aðeins heimild til að úrskurða þriðja mann til að leggja fram skjöl í einkamáli, en ef aðili gerir slíkt ekki, þótt honum samkv. lögunum beri skylda til þess, hefir það skv. 2. mgr. 145. gr. laganna aðeins þær afleiðingar, að dómari getur skýrt það svo, að hann samþykki skýrslu áskoranda um efni skjalanna. Að öllu þessu athuguðu þykir framangreind krafa stefnanda ekki hafa við rök að styðjast, og verður hún því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 13. desember 1937.

Nr. 103/1937. **Marteinn Einarsson f. h. Gunnars**
Marteinssonar (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Bæjargjaldkeranum í Reykjavík f. h.
bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 5. apríl 1937: Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.